

L Ö G

um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra
og íslenzkra flugfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör atvinnuflugmanna og flugvélstjóra í Félagi íslenzkra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélagi Íslands, við störf fyrir íslenzk flugfélög.

Gerðardómurinn skal einnig kveða á um lausn ágreinings þess, sem upp hefur komið, um einkennisfatnað atvinnuflugmanna og flugvélstjóra.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum og fyrirsvarsmönnum flugfélaga og stéttarfélaga, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara atvinnuflugmanna og flugvélstjóra miða í meginatriðum við þá samninga stéttarfélaga þeirra við Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f., sem gilt hafa, og þær launa- og kjarabreytingar, sem samið var um milli fulltrúa vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands, 19. maí 1969.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála þeirra stétta, er lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal samúðarverkföll og verkföll þau, sem boðuð hafa verið 19. og 21. júní 1969.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu kaup- og kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistökudegi laganna.

7. gr.

Lög þessi gilda til 15. maí 1970. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma.

Gjört að Bessastöðum, 9. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.